


# Íðorðapistlar Lækna- blaðsins gefnir út

ÍÐORÐAPISTLAR JÓHANNSSONAR lækna hafa birst í Læknablaðinu í liðlega áratug. Nú hafa fyrstu 130 pistlarnir verið gefnir út sem Fylgirit með blaðinu (41/2001) og er ritið án efa til mikils gagns fyrir lækna og annað áhugafólk um heilbrigðismál. Ítarleg orða- og nafnaskrá gerir notkun pistlanna auðveldu og aðgengilega.

Fyrsti pistill Jóhanns Heiðars birtist í Læknablaðinu/Fréttabréfi lækna, 5. tölublaði árið 1989 en pistlarnir hafa birst reglubundið í blaðinu frá því í ársbyrjun 1990. Örn Bjarnason, fyrrverandi ritstjóri Læknablaðsins, fylgir pistlunum úr hlaði í Fylgiritinu og segir meðal þar meðal annars: „... sífellt bætast við erlend hugtök og heiti. Það er í ljósi þessa, sem mat verður lagt á framlag Jóhanns Heiðars. Mikilvægi þess felst í því, að hann veitir okkur innsýn í umræðu um íðorðasmíð í lækisfræði og við fræðumst um það, hvernig má mynda ný íðorð og hvaða aðferðum er hægt að beita. ... Það var ekki fyrr en ég las yfir handritið í heild, að ég gerði mér grein fyrir því, hvílíka feiknavinnu Jóhann Heiðar hefir þegar lagt í verkið.“ Umfang ritsins staðfestir þessi orð, því það er 164 síður að stærð og spannar nánast öll svið lækisfræðinnar auk þarfra pistla um framburð orða, ráðstefnumál og fleira sem tengist íðorðum lækna.



Framlag Jóhanns verður sennilega seint fullmetið, en með útgáfu pistlanna er gerð tilraun til að sýna vinnu hans þann sóma sem ástæða er til. Áskrifendur Læknablaðsins hafa þegar fengið Fylgiritið í hendur en auk þess er hægt að nálgast ritið hjá Læknablaðinu, Hlíðasmára 8, Kópavogi.

## Framhaldsnám við Háskóla Íslands

FIMMTUDAGINN 8. MARS NÆSTKOMANDI KL. 16:00-19:00 mun Háskóli Íslands efna til kynningar á framhaldsnámi við skólann. Allar deildir Háskólans, að lagadeild einni undanskilinni, munu taka þátt og kynna yfir 70 námsleiðir sem hægt er að velja um á framhaldsstigi. Kynningin er bæði ætluð þeim sem eru að ljúka fyrstu prófgráðu við háskóla auk þess sem allir, er lokið hafa einhverju námi við háskóla, eru hvattir til að mæta og kanna möguleikana.

Gefin verður út sérstök námsskrá fyrir framhaldsnámið og verður hægt að nálgast hana á heimasíðu Háskólans [www.hi.is](http://www.hi.is) er nær dregur kynningunni.

Auk deilda og skora Háskólans er kynna

munu það framhaldsnám sem þær hafa upp á að bjóða munu ýmsir aðilar svo sem Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins, Endurmenntunarstofnun Háskólans og Rannsóknánáms sjóður kynna þjónustu sína.

Framkvæmdastjórn námskynningarinnar verður í höndum Halldóru Tómasdóttur kynningarfulltrúa, netfang: [halldto@hi.is](mailto:halldto@hi.is); sími: 525 4207.

Námskynningin verður haldin í hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands og fordyri hans og eru allir, er áhuga hafa á að kynna sér því sem næst óþrjótandi möguleika til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, boðnir velkomnir.